

Nr. 22.
8.
okt.

L ö g

um

bæjarstjórn á Akureyri

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Lænborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Vorn:

1. grein.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru, kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti; er hann oddviti stjórnarinnar og hefur atkvæðisrjett á fundum.

2. grein.

Framkvæmd ákvarðana þeirra, er bæjarstjórnin gjörir, og bæjarmálefna yfir höfuð, er á hendi oddvitans. Ef bæjarstjórninni þykir þess við þurfa, eða henni virðist það hagfellt í einstöku tilfellum, má hún fela einum eða fleiri úr sínum flokki á hendur, að framkvæma sjerstök bæjarstörf eptir þeim reglum, sem hún sjálf kemur sjer saman um.

Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem þeim eru falin á hendur.

3. grein.

Fulltrúar kaupstaðarins skulu vera 6, þó má landshöfðingi breyta tölu fulltrúanna, ef þörf gjörist, eptir tillögu bæjarstjórnarinnar; skulu þeir kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eptir lögum þessum.

4. grein.

Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er eigi lagt af sveit, eða hafi þeir fengið sveitarstyrk, þá endurgöldið hann eða verið gefinn hann upp; en greitt skulu þeir hafa að minnsta kosti 4 kr. í bein bæjargjöld síðasta árið. — Kosningarrjett hafa og ekkjur og aðrar ógiptar konur, er fullnægja skilyrðum þeim, er sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, og í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður, sem kosningarrjett hefur.

5. grein.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til þriggja ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skipti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo tveir ár hvert. Skal það, hverjir frá fara fyrstu 2 árin, vera komið

Nr. 22. Lög 8. okt. um bæjarstjórn á Akureyri.

Lo v

om

 Nr. 22.
8de
Oktbr.

Bestyrelsen af Kjøbstaden Akureyris kommunale Anliggender.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Wendes og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitteligt: Althiaget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Kjøbstadens Anliggender styres af et Byraad, som bestaar af valgte Medlemmer og Bysogden som Formand. Paa Møderne er Bysogden stemmeberettiget.

§ 2.

Udførelsen af Byraadets Beslutninger og den øvrige udøvende Myndighed i Kommunens Anliggender paahviler Byraadets Formand. Finder Byraadet det i enkelte Tilfælde nødvendigt eller hensigtsmæssigt, kan det bestikke et eller flere af sine Medlemmer til at udføre særlige kommunale Hverv i Overensstemmelse med de af det vedtagne Regler.

Enhvert Medlem af Byraadet er pligtig til at overtage de særlige kommunale Hverv, som maatte overdrages ham.

§ 3.

3 Byraadet skulle være 6 valgte Medlemmer; dog kan Landskøbingen i fornødent Fald ifølge Byraadets Indstilling, forandre deres Antal; Repræsentanterne vælges af de Indbyggere i Kjøbstaden, som ifølge denne Lov ere i Besiddelse af Valgret.

§ 4.

Valgberettigede ere alle Mandspersoner i Kjøbstaden, som paa den Tid Valget foregaar have opnaaet 25 Aars Alderen, for saa vidt de ikke staa i personligt Tjenesteforhold, have været bosatte i Kjøbstaden i 1 Aar, have et uplettet Rygte, ere raadige over deres Formue og ikke nyde Understøttelse af Fattigvæsenet eller have modtaget nogen saadan Hjælp, uden at denne enten er tilbagebetalt eller estergivet; derhos maa de i det forløbne Aar have svaret til Kjøbstaden i direkte Skat et Beløb af mindst 4 Kroner. — Ligeledes ere Enker og andre ugifte Kvinder valgberettigede, naar de fyldestgjøre de i Lov om Kvinders Valgret af 12te Maj 1882 og nærværende § fastsatte Betingelser.

Valgbar til Byraadet er enhver valgberettiget Mandsperson.

§ 5.

Byraadets Medlemmer vælges for et Tidsrum af 3 Aar. Af de første Gang valgte Medlemmer fratræder 2 efter 1 Aars Forløb og derefter 2 hvert Aar. Det beror paa Overens-

Nr. 22 undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Ef einhver
8. fulltrúi fer frá, hverjar helzt sakir sem til þess eru, áður 3 ár eru liðin frá kosningu hans,
okt. skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

6. grein.

Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eptir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitiss. Svo skal kosning undir búa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett hafa; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en þessir eru kjörstjórar: bæjarfógetinn, og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kys. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbáru gegn kjörskránni, sem lúta að því, að nokkur sje of eða van talinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minnsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, svo að hún geti þann dag lagt úrskurð sinn á málið; en að öðrum kosti verða þær eigi teknar til greina.

7. grein.

Formaður kjörstórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minnsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing almennt eru boðuð í kaupstaðnum. Kjörfundinn skal halda fyrir opnum dyrum; skulu þá allir kjósendur, er neyta vilja kosningarrjettar síns, koma sjálfir á kjörfund og lýsa yfir því, annaðhvort munnlega fyrir kjörstjórninni, eða á ólokuðum sedli, hvern þeir vilji kjósa. Atkvæði skulu greidd í einu um svo marga, sem kjósa skal.

Þegar þeir hafa greitt atkvæði, sem við eru staddir, og allir kjósendur kallaðir fram, skal kjörstjórnin bíða hálfu stund, áður en hún slítur kosningarfundinum, til þess að þeir, sem þá eru eigi komnir, fái með þessu móti tækifæri til að neyta kosningarrjettar síns. Þegar öll atkvæði eru bókuð, les formaður kjörstjórnarinnar þau upp, en hinir tveir kjörstjórnarnir rita þau upp og telja saman; þar eptir skal nefna kosna sem fulltrúa þá, er flest hafa fengið atkvæði. Nú hafa tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, og skal þá hlutkesti ráða.

8. grein.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests, anna, eða annars því um líks hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu; kjörstjórnin skal skera úr þessu, og láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal skjóta málinu til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem gegnt hefur fulltrúastörfum í 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast þá sýslu á hendur aptur, fyr en eptir jafnlangan tíma, og hann hafði áður verið fulltrúi.

9. grein.

Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram er farin, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina innan viku eptir að kosning hefur farið fram, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálf mánaðar frá því, að kæruskjalið var fengið bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður um það leitað álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir landshöfðingja; skal kærán send innan hálf mánaðar frá því, er úrskurðurinn var uppkveðinn.

Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar
Nr. 22. Lög 8. okt. um bæjarstjórn á Akureyri.

tomst, eller hvis saadan ikke naas, paa Lodtrækning, hvem der skal udtrede de første 2 Aar. Nr. 22. Udtræder nogen af en eller anden Grund af Raadet inden Udløbet af de 3 Aar, for hvilke han er valgt, skal der ufortøvet i hans Sted vælges et nyt Medlem; dette Valg gjælder kun for saa lang Tid, som den, der er afgaaet, vilde have havt tilbage af de 3 Aar. 8de
Oktbr.

§ 6.

Valgene til Byraadet foretages en af de nærmeste Søndage efter Nytaar, undtagen naar det er nødvendigt at foretage ekstraordinære Valg. Valgene forberedes ved en af Valgbestyrelsen affattet Liste over Vælgerne. Valgbestyrelsen bestaar af Byfogden og to af Byraadet valgte Medlemmer. Valglisten skal foreligge paa et hensigtsmæssigt Sted til offentlig Eftersyn 14 Dage forinden Valgdagen. Indsigelse imod Valglisten, som gaar ud paa, at en Uberettiget er optagen paa Listen eller en Berettiget udeladt skal mindst 3 Dage forinden Valgdagen indgives til Valgbestyrelsen, for at denne paa Valgdagen kan afgjøre Sagen; i modsat Fald vil der ikke blive taget Hensyn til Klagen.

§ 7.

Valgbestyrelsens Formand bekendtgjør i det mindste en Uge forud paa den for offentlige Møder i Kjøbstaden sædvanlige Maade, Sted og Time, naar Valget skal foregaa. Valgmødet holdes for aabne Døre, og skulle de Vælgere, der ville udøve deres Valgret, møde personlig og erklære enten mundtlig eller ved en aaben Seddel for Valgbestyrelsen, hvem de ville vælge. Stemmerne afgives paa éngang paa saa mange Mænd, som der skal vælges.

Naar de Tilstedeværende have afgivet deres Stemmer og alle Vælgerne ere fremfaldte, skal Valgbestyrelsen vente $\frac{1}{2}$ Time, førend den slutter Valghandlingen, forat der saaledes kan gives dem, der endnu ikke have indfundet sig, Leilighed til at udøve deres Valgret. Naar samtlige afgivne Stemmer ere indførte, oplæser Valgbestyrelsens Formand dem, medens de to andre Medlemmer af samme optegne og tælle dem, hvorefter de Mænd erklæres for valgte, som have erholdt de fleste Stemmer. Naar To eller Flere have faaet lige mange Stemmer, afgjøres Valget ved Lodtrækning.

§ 8.

Enhver, som er valgbar, er pligtig til at modtage Valget, medmindre han har opnået en Alder af 60 Aar eller ifølge sin Helbredstilstand, Forretninger eller deslige maatte have skjellig Grund til at ønske sig fritagen for Valget, hvilket afgjøres af Valgbestyrelsen eller, for saa vidt han maatte være utilfreds med sammes Afgjørelse, af Byraadet. Den, som i 3 Aar eller længer har fungeret som Medlem af Byraadet, skal ikke være pligtig at modtage Valg førend efter Udløbet af et lige saa langt Tidsrum som det, hvori han har været Medlem.

§ 9.

Den, som har Kloget at anke over ved den foregaaende Valghandling eller i Anledning af Valgbestyrelsens Kjendelser, maa, for at hans Anke kan komme i Betragtning, indgive sin Bepværing skriftlig til Byraadet inden 1 Uge, efterat Valghandlingen har fundet Sted. Inden 14 Dage efter Bepværingens Indgivelse afgjør Byraadet da Sagen, efter at Valgbestyrelsen har havt Leilighed til at afgive sin Erklæring derover. Skriftlig Klage over Byraadets Kjendelse kan inden 14 Dage efter dens Afgivelse indgives til Landshøvdingen. Naar ordenlige Valg ere foretagne (hvert Aar), træde de ældre Med- Nr. 22. Lov af 8de Oktbr. om Bestyrelsen af Kjøbstaden Afarepris kommunale Anliggender.

Nr. 22. Þeir, er áður voru, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er kunna að hafa komið fram um hinar nýju kosningar.

8.
okt.

10. grein.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, er hann er kosinn fyrir, og skal þá bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá eða honum skuli vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svipta hann kjörgengi. Hið sama skal og gilda, ef bæjarfulltrúi vanrækir eða færast undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi, þannig að nauðsyn ber til, að hann fari frá. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn gegn vilja hans, bera kærú sína undir landshöfðingja á þann hátt, sem sagt er fyrir um í næstu grein hjer á undan.

11. grein.

Oddviti bæjarstjórnarinnar stjórnar umræðum á fundum og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Til þess að lögmet ákvörðun sje gjörð, verður, auk oddvita, minnst helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávallt ráða. Sje jafnmörg atkvæði með og mót, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því þá ræður hlutkesti. Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða minnst helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unnt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundarlok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en landshöfðingi samþykkir þau.

12. grein.

Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum eða skadleg fyrir kaupstaðinn, eða að hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni, með því að rita álit sitt í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda landshöfðingja skýrslu, og leggur hann úrskurð sinn á málið. Eptirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en skýrslan fer til landshöfðingja.

13. grein.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur hlutaðeigandi prestur sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

14. grein.

Bæjarstjórnin kys þá 4 menn, er samkvæmt opnu brjefi 6. janúarm. 1857 eiga Nr. 22. Lög 8. okt um bæjarstjórn á Akureyri.

lemmer af Byraadet først, efterat de mulig indkomne Klager over de ny Valg ere bleve Nr. 22.
endelig afgjorte.

8de
Oktbr.

§ 10.

Derjom Nogen i Løbet af den Tid, for hvilken han er valgt, begjærer at udtræde af Byraadet, afgjør dette, hvorvidt saadan Begjæring kan tages til Følge. Byraadet bestemmer fremdeles, hvorvidt noget Medlem skal udtræde eller midlertidig udelukkes af Raadet paa Grund af Omstændigheder, som betage ham Valgbarhed. Det samme gjælder og, hvis et Medlem af Byraadet saaledes forsømmer eller vægrer sig ved at opfylde sine Medlemspligter, at hans Udtrædelse bliver nødvendig. Dog staar det den, som imod sin Villie udelukkes af Raadet, frit for at andrage Sagen for Landshøvdingen paa den Maade, som forekrevet er i næst foregaaende §.

§ 11.

Byraadets Formand leder Forhandlingerne i Byraadets Møder og paaser, at Beslutningerne rettelig indføres i Forhandlingsprotokollen.

For at en gyldig Beslutning kan tages, skal foruden Formanden mindst Halvdelen af Byraadets Medlemmer være tilstede. Alle Beslutninger tages med Stemmeslæthed. Falder ved Afstemningen lige mange Stemmer for og imod, er Afstemningspunktet forkastet undtagen ved Valg, hvor Lodtrækning gjør Udslaget. Byraadets Møder ere offentlige. Enkelte Sager kunne dog forhandles for lukkede Døre, naar Saadant af Raadet vedtages.

Det bekendtgjøres for Byens Indvaanere, naar og hvor de ordenlige Møder afholdes. Overordenlige Møder afholdes, naar Formanden finder det fornødent eller mindst Halvdelen af Medlemmerne forlange det.

Forinden Møderne underretter Formanden saa vidt muligt Medlemmerne om, hvilke Gjenstande der vil komme til Forhandling. Forhandlingsbogen underskrives ved hvert Mødes Slutning af alle tilstedeværende Medlemmer. Ethvert af disse er berettiget til deri at saa sin afvigende Mening kortelig indført.

Byraadet vedtager selv sin Forretningsorden, der stadfæstes af Landshøvdingen.

§ 12.

Finder Byfogden, at en af Byraadet tagen Beslutning overskrider den det tilkommende Myndighed eller er stridende mod Lovgivningen eller skadelig for Kommunen, eller at den gaar ud paa at nægte Opfyldelsen af en Kjøbstaden paahvilende Pligt, kan han ved sin Erklæring til Forhandlingsbogen midlertidig sætte Beslutningen ud af Kraft. Herom gjør han snarest muligt Indberetning til Landshøvdingen, som da afgjør Sagen. Gjenpart af Byfogdens Indberetning tilføres samtidig Byraadet, for at samme kan gjøre sine Bemærkninger herved, inden den indsendes til Landshøvdingen.

§ 13.

Vedkommende Præst deltager i Forhandlingerne om og har Stemme med i alle de Spørgsmaal, som angaar Børns Opdragelse og Undervisning.

§ 14.

Byraadet vælger de 4 Mænd, der ifølge Pl. af 6te Januar 1857 i Forening med Nr. 22. Lov af 8de Oktbr. om Bestyrelsen af Kjøbstaden Aukreyis kommunale Anliggender.

Nr. 22. sæti í byggingarnefnd Akureyrar með bæjarfógeta. Skulu 2 þessara manna kosnir úr
8. flokki bæjarfulltrúa.
okt.

15. grein.

Bæjarstjórnin velur 2 menn í hafnarnefnd, skal annar þeirra ávallt kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

16. grein.

Bæjarstjórnin kys bæjargjaldkera, og má veita honum árlega þóknun. Skal hann skyldur að hafa starf sitt á hendi að minnsta kosti um 3 ár, nema að beri einhver þau atvik, er aptri honum frá því, og sem bæjarstjórnin tekur gild.

17. grein.

Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna, næturverði og fangaverði setur bæjarstjórnin eptir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

18. grein.

Reikningsár kaupstaðarins er frá nýári til nýárs. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Síðan skal til eiginlegra bæjarþarfa jafna 20. aorum á hvern ferhyrningsfaðm í húsagrunnum, og $\frac{1}{3}$ eyris á hvern ferhyrningsfaðm í óbyggðri útmældri lóð í kaupstaðnum. Því, sem ávantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eptir efnun og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin fluga áætlunina grein fyrir grein og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis um hálfan mánuð.

Án samþykkis landshöfðingja má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svári meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimmtungi við bættum.

19. grein.

Niðurföfnun eptir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænnum; þeir skulu greiða þar fullt gjald eptir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærri gjald á þá, en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænnum skemmri tíma en fjóra mánuði kemur ekki til greina.

Sómuleiðis má leggja gjald á fastar verðlanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minnsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó eigendur þeirra eigi hafi þar fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eptir efnun og ástandi, eptir því er hæfa þykir eptir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje haft til annara tekja eða eigna þess, sem í hlut á.

Nr. 22. Lög 8. okt. um bæjarstjórn á Akureyri.

Byfogden udgjør Bygningskommissionen for Akureyri. To af disse udvælges blandt Byraads-Medlemmer.

Nr. 22.
8de
Oktbr.

§ 15.

Byraadet vælger tvende Mænd, af hvilke den ene altid skal være af dets egen Midte, til som Medlemmer at tage Sæde i Havnekommissionen.

§ 16.

Byraadet vælger en Kæmmer, hvem der kan tillægges et aarligt Honorar. Han er forpligtet til at varetage denne Bestilling mindst 3 Aar, med mindre indtræffende Omstændigheder, som Byraadet antager for gyldige, forhindrer ham deri.

§ 17.

Byraadet udnævner og afskediger de kommunale Embeds- og Bestillingsmænd. Politibetjente, Natvægtere og Arrestforvarere beskikkes af Byraadet efter Byfogdens Indstilling, men kunne afskediges af denne uden Byraadets Samtykke.

§ 18.

Kjøbstadens Regnskabsaar er Kalenderaaret. Inden hvert Aars 1ste Oktober affatter Byraadet et Overflag over Kjøbstadens Indtægter og Udgifter for det næste Aar. Paa Overflaget opføres de Indtægter, som uden Udskrivning af Byskatter, ere for Gaanden til Dækning af Udgifterne; derpaa paalignes der til Dækning af Kommunens Fornødenheder et Beløb af 20 D. paa hver Kvadrat-Favn af de bebyggede og $\frac{1}{3}$ D. paa hver Kvadrat-Favn af de ubebyggede men udmaalte Grunde i Kjøbstaden. Det til Dækning af Kommunens Fornødenheder manglende Beløb paalignes Kjøbstadens Indvaanere efter Formue og Leilighed.

Det saaledes affattede Overflag foretages til 2 Behandlinger i Byraadet med 1 Uges Mellemrum. Ved anden Behandling undergives det Post for Post Byraadets Drøftelse og Afstemning, og afgiver da i den Form, hvori det af Byraadet vedtages, den bindende Regel for Størrelsen af næste Aars kommunale Skatteudskrivning og Forvaltning. Overflaget fremlægges inden den 1ste November til offentligt Eftersyn i 14 Dage.

Uden Landshøvdingens Samtykke kan Byraadet ikke noget Aar udskrive et højere samlet Skattebeløb end Gjennemsnittet af det samlede Beløb af alle Byskatter i de nærmest foregaaende 3 Aar med Tillæg af en Femtedel.

§ 19.

Under Bgningen paa Formue og Leilighed inddrages Enhver, som har fast Ophold i Kommunen. Han ansættes der til fuldt Bidrag efter sin hele økonomiske Stilling, med mindre han tillige i Skatteaaret har fast Ophold andetsteds, i hvilket Tilfælde han ikkun maa sættes i Skat for den Tid, han har Ophold i Kjøbstaden. Fast Ophold af kortere Varighed end 4 Maaneder kommer ikke i Betragtning.

Ligeledes kunne Handels-Etablissementer og andre indbringende Indretninger og Foretagender i Kjøbstaden, som drives mindst 4 Maaneder af Skatteaaret, beskattes, skjøndt de paagældende Ciere ikke have fast Ophold dersteds.

Paa disse Skatteobjekter lignedes en Afgift, der svarer til Formue- og Leiligheds-skatten, efter et passende Forhold til den aarlige Omsætning og Udbytte, uden at der toges Hensyn til den Paagældendes andre Indtægter eller Eiendomme.

Nr. 22. Lov af 8de Oktbr. om Beskuffelsen af Kjøbstaden Akureyris kommunale Afgifter.

Nr. 22.
8.
okt.

20. grein.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eptir efnunum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til þessarar niðurfjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fram fara í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir voru í fyrsta skipti, fara 2 frá að 3 árum liðnum. Skal það, hverjir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti til skiptis 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosning í bæjarstjórn, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka móti kosning í bæjarstjórnina, getur skorazt undan að taka móti kosning í niðurfjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur samfleytt í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafnlengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurfjöfnunarnefnd og í bæjarstjórn.

Niðurfjöfnunarnefndin kys sjer sjálf oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu sem um bæjarstjórnina (11. grein).

21. grein.

Niðurfjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði samkvæmt áætluninni. Niðurfjöfnunarskráin og skrá um önnur gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok annaðhvort á bæjarþingsstofunni eða á öðrum hentugum stað, eptir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurfjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eptir að aðalniðurfjöfnunin fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkvæmt 18. grein. Þessi aukaniðurfjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kæru gegn hinni framlögðu niðurfjöfnun skulu sendar niðurfjöfnunarnefndinni skriflega innan hálfis mánaðar frá því, að niðurfjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfis mánaðar þar á eptir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurfjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfis mánaðar þar á eptir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfis mánaðar. Kæru, sem koma fram eptir hinn ákveðna tíma, verða eigi til greina teknar.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurfjöfnunarskránni standa, sem og líka yfir því, ef einhverjum er sleppt úr henni. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje sleppt, skal þeim mauni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið af niðurfjöfnunarnefndinni eða bæjarstjórninni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minnsta kosti 10 % annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem sleppt hefur verið úr niðurfjöfnunarskránni, nema gjald hans geti numið í hið minnsta því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurfjöfnunarskránni.

Enginn getur, með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komið hjá því, að greiða þann hluta skattsins, sem kominn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aptur úr bæjarsjóði það, sem ofgaldið er.

Nr. 22. Lög 8. okt. um bæjarstjórn á Akureyri.

§ 20.

Nr. 22.
8de
Oktbr.

En Ligningskommission bestaaende af 5 Medlemmer foretager Ligning paa Formue og Leilighed. Om Valgret og Valgbarhed til denne Ligningskommission gjælde de samme Regler som om Valgret og Valgbarhed til Byraadet; Medlemmerne af Ligningskommissionen vælges for et Tidsrum af 6 Aar. Valgene foretages i September Maaned. Af de første Gang valgte fratræde 2 Medlemmer efter 3 Aars Forløb. Det bestemmes ved Overenskomst, hvilke Medlemmer der skulle fratræde, men hvis denne ikke opnaas, afgjøres det ved Lodtrækning. Derpaa fratræde efter 3 Aars Forløb afværlende 3 eller 2 Medlemmer. Om Fremgangsmaaden ved Valgene til Ligningskommissionen gjælder saa vidt muligt de samme Regler som ovenfor ere forekrevne om Valg til Byraadet.

Med Undtagelse af Medlemmerne af Byraadet kan Ingen, som er pligtig til at modtage Valg til dette, undslaa sig for at modtage Valg som Medlem af Ligningskommissionen, med mindre han i mindst 6 Aar efter hinanden har opfyldt dette Hverv. Han er da fritagen for samme i et lige saa langt Tidsrum som det, hvori han har opfyldt Hvervet.

Ingen maa paa samme Tid have Sæde i Ligningskommissionen og i Byraadet.

Ligningskommissionen vælger selv en Formand af sin egen Midte. Med Hensyn til Kommissionens Beslutninger og Afstemninger gjælde de samme Regler som de under § 11 om Byraadet anførte.

§ 21.

Ligningskommissionen foretager i Genhold til Overlaget den aarlige Skatteligning i November Maaned. Ligningslisten, samt en Fortegnelse over andre Afgifter til Kommunen, skal i 14 Dage inden Aarets Udgang fremligge til offentligt Eftersyn i Bythingstuen eller paa et andet bekvemt Sted efter forudgaaet offentlig Bekjendtgjørelse. Byraadet kan bestemme, at der i den sidste Halvdel af hvert Aars Juni Maaned skal foretages en Tillægsligning paa de Personer, som ere flyttede til Kjøbstaden efter Hovedligningens Affattelse, og som ere pligtige til at yde Skat efter § 18. Denne Tillægsligning skal fremlægges som ovenansført til offentligt Eftersyn i 14 Dage.

Indsigelser imod den fremlagte Ligning skal inden 14 Dage efter at Ligningslisten har ligget til Eftersyn indgives skriftlig til Ligningskommissionen. Inden andre 14 Dage skal denne derefter skriftlig tilkjendegive den Klagende, om eller hvorvidt hans Forlangende er taget til Følge. Den af Ligningskommissionen herom tagne Beslutning kan inden yderligere 14 Dage paaanfes for Byraadet, som da inden 14 Dage afgjør Sagen. Indsigelser, der indkomme efter Udløbet af ovennævnte Frister, ere uden Betydning.

Det staar Enhver, som er ansat til Skat i Ligningen, frit for at klage ikke blot over sin egen Bessatning, men ogsaa over enhver Andens, som er optagen i Ligningen, lige saa vel som over, at Nogen er forbigaaet i samme. Forinden nogen Klage over en Andens Bessatning eller Forbigaaelse i Ligningen afgjøres af Ligningskommissionen eller Byraadet, skal der gives den, der er Gjenstand for Klagen, Leilighed til at udtale sig om samme.

Intet Skattebidrag maa nedsættes eller forhøies af Byraadet, medmindre det findes at være sat mindst 10 pCt. henholdsvis for høit eller for lavt. Ikke heller kan Byraadet optage i Ligningen nogen i samme forbigaaet Person, hvis Skattebidrag ikke kan ansættes i det mindste til det laveste Beløb, hvortil nogen Anden allerede er ansat i Ligningen.

Ingen kan ved at indanke sin Skatteansættelse for Byraadet unddrage sig Forpligtelsen til at udrede den Del af Skatten, som er forfalden til Betaling; men hvis Beløbet forandres, skal det, der maatte være for meget betalt, tilbagebetales af Bykassen.

Nr. 22. Lov af 8de Oktbr. om Beskaffelsen af Kjøbstaden Aarevis kommunale Anliggender.

Nr. 22.

8.
okt.

22. grein.

Ef ágreiningur verður milli Akureyrar og annars islensks sveitarfélags um, hvernig skipta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal landshöfðingi skera úr því. Verði þessi ágreiningur milli Akureyrar og sveitarfélags í Danmörku, skal ráðgjafinn fyrir Ísland leggja úrskurð sinn á málið. Ef nokkur þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

23. grein.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. október ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum innan nýárs, fellur allt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, er fer í hönd. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlímánaðar.

24. grein.

Bæjarstjórnin og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárfjórn kaupstaðarins, og því sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar og í tækan tíma, og teknar lögtaki, ef þess þarf við; enn fremur gæta þess, að geymt sje, og eptir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda til þess að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum, skuldabryfum og öðrum eignum kaupstaðarins.

25 grein.

Gjaldkeri skal, að minnsta kosti eitt sinn á hverjum 3 mánuðum, gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýni, bæði hvað goldizt hafi í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má bæjargjaldkeri greiða neitt úr bæjarsjóði nema eptir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirskrafaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar og að minnsta kosti 3 bæjarfulltrúum.

26. grein.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda á vegavinnu, aðgjörðum á skólum og fátækrahúsum, á því, að útvega verknað og varning í þarfir bæjarins, og öðru þess konar, skal ekki goldið neitt.

27. grein.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta stjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

28. grein.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis landshöfðingja takast á hendur neina skuldbinding til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán nje lán upp á lengri tíma, en að þau verði borguð aptur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

Nr. 22. Lög 8. okt. um bæjarstjórn á Akureyri.

§ 22.

Opstaar der Spørgsmaal mellem Akureyri og en anden islandsk Kommune om For- delingen af en Persons Skattebidrag, afgjøres dette af Landshøvdingen. Opstaar Spørgs- maalet mellem Akureyri og en dansk Kommune, forelægges Sagen for Ministeren for Island. Anser Nogen sig ikke skattepligtig i Kommunen, kan han bringe dette Spørgsmaal under Dom- stolens Paafjendelse.

Nr. 22.
8de
Oktbr.

§ 23.

Alle Byskatter skulle indbetales inden hvert Aars 1ste April og 1ste Oktober; Kæm- neren indkræver dem saa vel som Kjøbstadens øvrige Indtægter. Ere de ikke betalte in- den en Maaned efter Forfaldsdagen, blive de at foranstalte inddrevne ved Udpantning.

Er en Afgiftspligtig fraflyttet Kjøbstaden inden Aarets Begyndelse, bortfalder hele den ham for det næste Aar paalignede personlige Skat. Den, der fraflytter Kjøbstaden i Aarets Løb, er kun pligtig at udrede Skatten indtil Udløbet af det Fjerdingaar, i hvilket han flytter. Den der optages paa Til lægsligningen, er kun pligtig at udrede Skat fra 1ste Juli.

§ 24.

Det paaligger Byraadet og særlig Byfogden at føre nøie Tilsyn med Kjøbstadens Kassevæsen, følgelig at paase, at dens Skatter og andre Indtægter rettelig og betimelig op- kræves og i fornødent Fald inddrives ved Udpantning samt, indtil Beløbet udkræves til Be- stridelse af Kommunens Udgifter, forvares og efter Omstændighederne frugtbargjøres paa be- hørig Maade.

Byraadet er ansvarligt for de Kapitaler, Aktiver og andre Eiendomme, der tilhøre Kjøbstaden.

§ 25.

Det paaligger Kjøbstadens Kæmner i det mindste en Gang i Løbet af hvert Fjer- dingaar til Byraadet at afgive en nøiagtig Kasse-Beretning over Indbetalinger til og Ud- betalinger af Kommunens Kasse. Uden Anvisning fra Byraadet maa Kæmneren ikke udbetale noget somhelst Beløb af Byens Kasse. Alle Anvisninger skulle være forsynede med Byraadets Formands og mindst 3 Byraadsmedlemmers Navnes Underskrift.

§ 26.

For offentlige Licitationer, som Kommunen lader afholde over Udførelsen af Veiarbei- der, Reparationer af Skoler og Fattighuse, Anskaffelse af Naturalhjælper til Kommunens Brug o. desl. betales ikke Gebyr eller Afgifter.

§ 27.

Byraadet er pligtigt at tilveiebringe og meddele Regjeringen de Oplysninger, der af samme forlanges, saafom om Folketal, Kvæghold, Kæringsveie og andre Forhold i Kommunen.

§ 28.

Byraadet maa ikke uden Landshøvdingens Samtykke paatage sig nogen varig For- pligtelse, som ikke ifølge Loven ligefrem paahviler Kommunen, ei heller forbruge af Kjøb- stadens Kapitalformue, eller afhænde eller pantsætte dens faste Eiendomme, ei heller erhverve nogen ny fast Eiendom eller optage Laan af større Beløb eller paa længere Tid, end at de kunne tilbagebetales af det paafølgende Aars Indtægt, ei heller forny saadanne Laan eller ved- tage en Forlængelse af den Tid, hvori de skulle tilbagebetales.

Nr. 22. Lov af 8de Oktbr. om Bestyrelsen af Kjøbstaden Akureyris kommunale Anliggender.

Nr. 22.
8.
okt.

29. grein.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir allar tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna árið og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar; lætur bæjarfógetinn reikning þenna liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis, og skal um þetta og um, hvernig slíkt sje birt, farið að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 21. grein um niðurlögunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er samkvæmt 4. grein hafa kosningar-rjett; skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa það starf á hendi um 3 ár. Skoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri er búinn að svara athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfis mánaðar, skal leggja reikninginn ásamt athugasemdir skoðunarmanns og svari gjaldkera fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun; þó má enginn taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (2. grein). Nú vill reikningshaldari eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, á að birta á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semji; á ágrip það að vera svo fullkomið, að til sjeu greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

30. grein.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda landshöfðingja reikning fyrir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komist landshöfðingi að því, þá er hann yfir fer reikninginn eða á annan hátt, að bæjarstjórnin hafi við haft ólögmat gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal hann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og, ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, er hafa átt þátt í þessum ályktunum.

31. grein.

Landshöfðingi gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlazzt fullt gildi 1. dag janúarmán. 1885, og skal frá þeim degi tilskipun um stjórn bæjarmálefna á Akureyri 29. ágúst 1862 vera úr lögum numin. Hann setur og ákvarðanir þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að breyting reikningsársins geti verið komin í kring þann dag.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 8. október 1883.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 29.

Nr. 22.
8de
Oktbr.

Råmmeren har ved Udgangen af Regnskabsaaret at affatte et Regnskab over Kjøbstadens Indtægter og Udgifter i det forløbne Aar og indsende det til Byfogden inden Udgangen af Januar Maaned; dette Regnskab fremlægges Byfogden til Eftersyn for alle Kjøbstadens Beboere og skal i saa Henseende og med Bekjendtgjørelsen herom forholdes paa samme Maade, som om Ligningen ovenfor er forestrevet i § 21. Regnskabet gennemgaaes derpaa næst af en Revisor, som vælges af de ifølge § 4 valgberettigede Indvaanere af Kjøbstaden. Revisor vælges paa den for Valg af Byraadet forestrevne Maade for et Tidsrum af 3 Aar. Inden en Maaned efter Regnskabsaarets Modtagelse skal Revisor være færdig med sine Antegnelser til samme. Naar Regnskabsføreren har besvaret Revisorens Bemærkninger, hvilket han har at gjøre i Løbet af 14 Dage, fremlægges Regnskabet tilligemed Revisors af Regnskabsføreren besvarede Bemærkninger for Byraadet, som paakjender de fremkomne Udsættelser og meddeler Kvittering til Råmmeren, dog kan Ingen deltage i Paakjendelsen af en Regnskabsudsættelse, som vedkommer den Forvaltning, i hvilken han ifølge et særligt ham overdraget kommunalt Hverv har havt Andel (§ 2). Erkjender Regnskabsføreren eller nogen anden Vedkommende ikke Rigtigheden af den afgivne Kjendelse, forsaavidt denne gaar ud paa Vengeansvar for ham, kan han forlange Spørgsmaalet herom afgjort ved Domstolene.

Efterat det af Råmmeren aflagte Regnskab er revideret og paakjendt, bør et af Byraadet affattet Udtog af samme offentliggøres ved Trykken; dette Udtog bør være saa fuldstændigt, at det omfatter alle Hovedposterne af Kjøbstadens Indtægter og Udgifter.

§ 30.

Inden Udgangen af hvert Aars September Maaned indsendes til Landshøvdingen Regnskab for det foregaaende Regnskabsaar med Revisionsbemærkninger og de derpaa afgivne Kjendelser. Kommer Landshøvdingen ved Regnskabsaarets Gjennemsyn eller paa anden Maade til Kundskab om, at Byraadet har foretaget ulovhjemlede Udgifter eller nægtet at afholde Udgifter, som lovlige paahvile Kjøbstaden, eller paa anden Maade overskredet sin Myndighed, træffer han i den Anledning de nødvendige Foranstaltninger og kan i fornødent Fald ved Domstolene gjøre personligt Ansvar gjældende mod dem af Byraadets Medlemmer, der have deltaget i de paagjældende Beslutninger.

§ 31.

Landshøvdingen træffer Foranstaltning til, at denne Lov kan træde i fuld Kraft den 1ste Januar 1885, fra hvilken Dag Udg. 29de August 1862 om Bestyrelsen af Alureyris kommunale Anliggender ophæves; ligeledes fastsætter han de fornødne Bestemmelser for at Regnskabsaarets Forandring kan gennemføres til den nævnte Dag.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 8de Oktober 1883.

Under Vor Kongelige Gaand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.